

305. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 12. FEBRÚAR 2020 KL 9:00

haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
 - a) Umræður fyrir fjárhagsáætlun ársins 2021 og hugmyndir að vinnulagi
 - b) Beiðni Víðistaðakirkju um fund vegna ástands Víðistaðakirkju
 - c) Erindi Rarik
 - d) Verkáætlun um viðhald fasteigna
 - e) Þingvallakirkja, umsókn í Jöfnunarsjóðs sókna
 - f) Erindi frá Efri-Núpskirkju
- 3) Skálholt
 - a) Erindisbréf framkvæmdastjórnar Skálholts
 - b) Fundargerðir framkvæmdastjórnar Skálholts nr. 70-72
- 4) Kirkjuþing
 - a) Kynning frá formanni framtíðarnefndar
 - b) Kynning frá forseta kirkjuþings
- 5) Önnur mál
 - a) Garðhús við Hlíðarvatn
 - b) Orgelnefnd
 - c) Umsagnarbeiðni Orkustofnunar
 - d) Skírnarskógur
 - e) Kynning frá samskiptastjóra

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands setti fund kl. 9:00. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings, sat fundinn undir dagskrárlið 4b. Pétur G. Markan, samskiptastjóri Biskupsstofu, sat fundinn undir dagskrárliðum 5d og e. Séra Sigfús Kristjánsson, sviðsstjóri Biskupsstofu og séra Hildur Björk Hörpudóttir, verkefnastjóri Biskupsstofu sátu fundinn undir dagskrárlið 5d.

Framkvæmdastjóri reifaði stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) *Umræður fyrir fjárhagsáætlun ársins 2021 og hugmyndir að vinnulagi*
Fjármálastjóri var fjarverandi vegna veikinda. Málinu frestað til næsta fundar.

b) *Beiðni Víðistaðakirkju um fund vegna ástands Víðistaðakirkju*
 Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að taka á móti fulltrúum Víðistaðakirkju og gera tillögu til kirkjuráðs um það ferli sem setja á málið í.

c) *Erindi Rarik*
Rarik óskar í erindi dagsettu 25. janúar sl., eftir heimild til að leggja háspennustreng yfir prestssetursjörðina Glaumbæ í Skagafirði. Ábúandi hefur fengið málið til umsagnar og samþykkt málið, fyrir sitt leyti.
 Kirkjuráð samþykkti beiðni Rarik, í ljósi fyrirbyggjandi gagna.

d) *Verkætlun um viðhald fasteigna*
Verkætlun um viðhald fasteigna til næstu þriggja ára lögð fram.

e) *Þingvallakirkja, umsókn í Jöfnunarsjóð sókna*
Vígslubiskup í Skálholti sækir um fjárveitingu í Jöfnunarsjóð sókna, f.h. Þingvallasóknar, til að fjármagna helgihald í Þingvallakirkju.
 Kirkjuráð samþykkti að erindið verði tekið til umfjöllunar kirkjuráðs í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021.

f) Erindi frá Efri-Núpskirkju

Hollvinasamtök Efri-Núpskirkju í Melstaðaprestakalli sækja um fjárveitingu vegna kaupa á varmadælu til uppsetningar í kirkjunni, með erindi sem dagsett er 3. febrúar sl.

Kirkjuráð samþykkti að erindið verði tekið til umfjöllunar kirkjuráðs í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021.

3. SKÁLHOLT

a) Erindisbréf framkvæmdastjórnar Skálholts

Erindisbréf framkvæmdastjórnar Skálholts hefur verið kynnt stjórn Skálholts og er nú lagt fram til afgreiðslu. Kirkjuráð gerði smávægilegar breytingar á orðalagi erindisbréfsins.

Kirkjuráð samþykkti erindisbréf framkvæmdanefndar Skálholts og fól framkvæmdastjóra að kynna það framkvæmdanefnd Skálholts.

b) Fundargerðir stjórnar Skálholts nr. 70-72

Fundargerðir framkvæmdastjórnar Skálholts lagðar fram til kynningar.

4. KIRKJUÞING

a) Kynning frá formanni framtíðarnefndar

Formaður framtíðarnefndar óskaði eftir því við fulltrúa biskups í framtíðarnefndinni, sem jafnframt er skrifstofustjóri Biskupsstofu, að kynna vinnu nefndarinnar fyrir kirkjuráði. Skrifstofustjóri kynnti starf framtíðarnefndar og tillögur hennar, sem lagðar verða fram á komandi kirkjuþingsfundi í mars.

b) Kynning frá forseta kirkjuþings

Forseti kirkjuþings kynnti stöðu mála er liggja í nefndum kirkjuþings.

5. ÖNNUR MÁL

a) Garðhús við Hlíðarvatn

Strandakirkjunefnd fékk til umfjöllunar tillögu um byggingu garðhúss við Hlíðarvatn, og skilaði kirkjuráði umsögn sinni.

Kirkjuráð féllst á umsögn Strandakirkjunefndar og samþykkti að heimila ekki byggingu garðhúss við Hlíðarvatn.

b) Orgelnefnd

Kirkjuráði ber samkvæmt starfsreglum að skipa orgelnefnd í samráði við söngmálastjóra.

Kirkjuráð samþykkti að fela uppstillinganefnd að gera tillögu til biskups að afgreiðslu málsins fyrir næsta fund kirkjuráðs.

c) Umsagnarbeiðni, erindi frá Orkustofnun, vegna Reykholsstaðar

Lagt fram erindi frá Orkustofnun dagsett 10. febrúar sl., sem er umsagnarbeiðni um nýtingu jarðhita í Reykholti.

Bréf formanns Hitaveitu Reykholsstaðar til Orkustofnunar dagsett 5. febrúar sl. lagt fram, ásamt erindi formanns til framkvæmdastjóra kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti að veita Orkustofnun jákvæða umsögn varðandi nýtingaleyfi. Framkvæmdastjóra falið að svara erindi Orkustofnunar.

d) Skírnarskógur

Starfsfólk Biskupsstofu kynnti stöðu þeirrar vinnu sem snýr að uppbyggingu fyrirhugaðra skírnarskóga þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti að lýsa yfir ánægju sinni með vinnuna og jafnframt að fela starfsfólki Biskupsstofu að fullvinna verkefnið.

e) Kynning frá samskiptastjóra

Samskiptastjóri Biskupsstofu kynnti þau verkefni sem hann er að vinna að.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.24.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn miðvikudaginn 11. mars nk.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir